

Tillaga að lagabreytingu á 9. Grein:

Núverandi

- a) Aðalstjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og 3 meðstjórnendur
- b) Aðalstjórn skal kosin skriflega á aðalfundi félagsins, sbr. 15. gr. og skal hver stjórnarmeðlimur kosinn sérstaklega. Komi einungis fram ein uppástunga, er sá sem tilnefndur var sjálfkjörinn.
- c) Aðalstjórn er kosin til eins árs í senn. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti.

Tillaga að breytingu:

- a) Aðalstjórn félagsins skipa 7 manns en það eru formaður auk þriggja stjórnarmanna sem skipta með sér embættum varaformanns, ritara og gjaldkera. Formenn deilda koma sjálfkrafa í Aðalstjórn sem meðstjórnendur.
- b) Aðalstjórn skal kosin skriflega á aðalfundi félagsins, sbr. 15. gr. og skal hver stjórnarmeðlimur kosinn sérstaklega. Komi einungis fram ein uppástunga, er sá sem tilnefndur var sjálfkjörinn.
- c) Aðalstjórn er kosin til eins árs í senn. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáist þá ekki úrslit ræður hlutkesti.

Tillaga að lagabreytingu á 16. Grein:

Núverandi:

Kosin aðalstjórn félagsins:

- a) Kosinn formaður
- b) Kosinn varaformaður
- c) Kosinn ritari
- d) Kosinn gjaldkeri
- e) Kosnir meðstjórnendur
- f) Kosnir tveir endurskoðendur
- g) Aðrar kosningar

Tillaga að breytingu:

Kosin aðalstjórn félagsins:

- a) Kosinn formaður
- b) Kosnir 3 stjórnarmenn sem skipta með sér embættum.
- c) Formenn deilda koma sjálfkrafa í Aðalstjórn

Tillaga að lagabreytingu á 13. Grein:

Núverandi:

Fyrir 1. maí ár hvert skal hver deild halda aðalfund sinn. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir félagar deildarinnar, 16 ára og eldri, enda hafi þeir greitt lögboðin gjöld.

Til aðalfundarins skal boða með viku fyrirvara, í dagblöðum, dagskrám og/eða heimasíðu félagsins og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir.

1. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
2. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemi deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um fjárhag deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga
4. Kosin deildarstjórn og tveir varamenn
 - a) Kosinn formaður
 - b) Kosinn varaformaður

- c) Kosinn ritari
- d) Kosinn gjaldkeri
- e) Kosinn meðstjórnandi
- f) Kosnir tveir varamenn

5. Önnur mál er fram kunna að koma

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í lögum þessum.

Tillaga að breytingu:

Fyrir **1. júní** ár hvert skal hver deild halda aðalfund sinn. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir félagar deildarinnar, 16 ára og eldri, enda hafi þeir greitt lögboðin gjöld.

Til aðalfundarins skal boða með viku fyrirvara, í dagblöðum, dagskrám og/eða heimasíðu félagsins og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir.

1. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
2. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemi deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um fjárhag deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga
4. Kosin deildarstjórn og tveir varamenn
 - a) Kosinn formaður
 - b) Kosinn varaformaður
 - c) Kosinn ritari
 - d) Kosinn gjaldkeri
 - e) Kosinn meðstjórnandi
 - f) Kosnir tveir varamenn

5. Önnur mál er fram kunna að koma

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í lögum þessum.